

Fredrik Fasting Torgersen



FRÉTTIR ÚR FANGELSI

Bláskógar ehf
2020

BÆKUR ÚR SMÍÐJU HÖFUNDAR

- Ó, það er dýrlegt að drottna.* 1982. Reykjavík: útgefið af höfundi.
- Stormsveipur í stjórnmálum.* 1982. Reykjavík: Örn og Örlygur hf.
- Á vængjum vitundar.* 1989. Reykjavík: Bókaútgáfan Reykholt hf.
- SPOR. Ævi Guðrúnar Árnýjar Guðmundsdóttur frá Hurðarbaki í Flóa.* 2016. Seltjarnarnes: Bláskógar ehf.
- Í sjöunda himni býr sólin.* 2016. Seltjarnarnes: Bláskógar ehf. [Ljóð]
- Ekki er sú rósin best.* 2017. Seltjarnarnes: Bláskógar ehf. [Ljóð]
- Ljóðabók.* 2019. Reykjavík: Bláskógar ehf. [Ljóð].

Þýðingar

- Hó Chí Mín. 1975. *Fangelsisdagbók* [Ljóð].
- Jon Michelet. 1975. *Járnkrossinn* [Skáldsaga þýdd í samstarfi við Hafþór Guðjónsson].
- Leonard Cohen. 1989. *Blá fiðrildi* [Ljóð].
- Maó TseTúng. 1977. *Gangan mikla* [Ljóð].
- Terje Stigen. 1974. *Á mörkunum* [Skáldsaga, fyrst lesin í útvarp].
- Tjsá Sjú Lí. 1976. *Þorp í dögum* [Skáldsaga, lesin í útvarp].
- Auk þess bókarkafar og einstök hefti í ritröðunum um Morgan Kane og Dætur lífsins.

FRÉTTIR ÚR FANGELSI

Fredrik Fasting Torgersen

FRÉTTIR ÚR FANGELSI

Bláskógar ehf
2020

Fredrik Fasting Torgersen

FRÉTTIR ÚR FANGELSI

Þýtt úr norsku af Guðmundi Kristni Sæmundssyni.

© 2019: Guðmundur Sæmundsson, Bláskógar ehf
Grafarholti, Reykjavík.

Kápa og umbrot: Guðmundur Sæmundsson, Bláskógar ehf.

Prentun: Litróf prentsmiðja, Reykjavík.

Efnisyfirlit

FORMÁLI	9
FRÉTTIR ÚR FANGELSI - LIÓÐ	11
Sérleg orðsending frá æðstaráði hersins	11
Dauðinn	12
Elsku mannsbarn	13
Ný sápa frá Nix pabba.....	14
Lítill taktísk atómvopn	15
Á leið þinni.....	16
Við stóðum aðeins	17
Að lifa svolítið	18
Baskarnir	19
Mynd 1972.....	20
Fyrir þá ríku – af hinum ríku	21
Krypputrú.....	22
Lítlu einnig til himinsins.....	23
Þróun	24
Kirkjusaga.....	25
Spil	26
Himinninn	27
Í garðinum.....	28
Ævintýri frá Kína	29
Ímyndaðu þér	30
Risahöfuðið	31

Eins og sítróna	32
Á stóru myndinni	33
Fingurnir	34
Þefjarinn	35
Við balalaikatónlist	36
Frostrósinn.....	37
Dragsúgurinn	38
Nú skaltu gráta	39
Læknirinn	40
Marsbúar	41
Lítið bréf	42
Ruslahaugurinn.....	43
Gömlu konurnar	44
Sigurinn er okkar.....	45
Valdhafarnir	47
Maðurinn	48
Teningurinn.....	49
Opnar dyr.....	50
Hugsun þín.....	51
Rándýrin.....	52
Spurningin.....	53



FORMÁLI

Fredrik (Ludvig) Fasting Torgersen fæddist 1. október 1934. Hann var yngstur sex systkina í fátækri fjölskyldu, alinn upp í Lille Tøyen í Ósló. Árið 1958 var hann ákærður fyrir morð árið áður á hinni 16 ára gömlu Rigmor Johnsen og dæmdur í ævilangt fangelsi og 10 ára einangrunarvist. Hann hefur alla tíð neitað sekt en afplánaði 16 ár af dómnum því að árið 1974 var hann látinn laus. Hann reyndi sjö sinnum árangurslaust að fá mál sitt endurupptekið á árunum 1958 til 2015.



*Fredrik Fasting Torgersen (t.v.)
og Jens Bjørneboe (t.h.)*

Einn frægasti stuðningsmaður hans var skáldið Jens Bjørneboe. Árið 1972 skrifaði hann greinaflokk þar sem hann gagnrýndi mjög veikleika í í röksemdafærslum saksóknara, vitnaleiðslum og „sönnunum“ og árið 1973 skrifaði hann heimildaleikrit um réttarhöldin (*Tilfellet Torgersen*). Enn er deilt um sekt Fredriks í

norskum fjölmiðlum og líta margir svo á að dómurinn yfir honum hafi verið réttarmorð. Árið 2009 skrifaði Johan Dragvoll doktorsritgerð um málið við Björgvinjarháskóla og taldi hann Fredrik aldrei hafa fengið réttláta málsmeðferð.

Í fangavistinni stundaði hann líkamsrækt og þótti mjög liðtækur lyftinga-, hnefaleika- og karatemaður. Í fangelsinu orti hann einnig ljóð og komu út eftir hann tvær ljóðabækur áður en hann var látinn laus. Þau ljóð sem hér eru þýdd eru öll ort á meðan á fangavistinni stóð og komu út árið 1972 í bókinni *Særmelding*. Síðar skrifaði hann skáldsögu og fleiri bækur.

Fredrik Fasting Torgersen lést úr krabbameini 18. júní 2015, áttæður að aldri.

*September 2019
Guðmundur Kristinn Sæmundsson*

FRÉTTIR ÚR FANGELSI - LJÓÐ

Sérleg orðsending frá æðstaráði hersins

Allir karlmenn á milli níræðs og hundraðs
eiga þegar í stað að gefa sig fram
til næstu herskrifstofu
til sérstaks verkefnis
í þágu föðurlandsins

Að mæta ekki
skoðast sem liðhlaup
og hefur í för með sér
dauðarefsingu
sem ekki verður áfrýjað
heldur framfylgt eftir skyndiréttarhöld

Að reyna að komast hjá þjónustu
á annan hátt –
til dæmis með ímyndunarveiki –
skoðast sem drottinssvik
og er einnig refsað með dauða

Fyrir hönd æðsta ráðsins.

Dauðinn

Dauðinn
hafði verið á hraðferð
í marga sólarhringa –

Um leið og hann fékk skilaboðin
um lítil börnin
sem voru sprengd og brennd
uns þau voru ekkert annað
en eitt stórt vein
sem enginn gat stöðvað
hafði hann lagt
af stað

Reykur og rústir
vísuðu veginn

Sársaukaópin
komu í bylgjum
hann vaggaði þeim í svefn –

Á heimleiðinni
var dauðinn bogninn í baki.

Elsku mannsbarn

Gráttu ekki
elsku barn –

Við fyrstu geisla
morgunsólarinnar
koma vinir okkar
eins og englar
út úr eldkúlunni
og varpa sprengjum
á hina –

Á morgun
geturðu brosað.

Ný sápa frá Nix pabba

Nú þvo þeir
börn upp úr napalmi –
eins og hlaupkenndri
grænsápu
er því klístrað um líkamann
það hreinsar húðina
með hitastyrk
yfir þúsund gráður

Eins og barna er siður
kveina og kvarta
gemlingarnir
undan þessari böðunaraðferð
sem Nix pabbi notar

Nix pabbi
mælir með napalmi
fyrir stóra og smáa

Napalm hreinsar
napalm hreinsar segir Nix pabbi.

Lítil taktísk atómvopn

Lítil
taktísk atómvopnin
eru nærri því ekkert annað
en
unglingabólur

Þetta
getur
faðir Nix staðfest
því að hann er orðinn fullorðinn
og alsettur logsárum
kylum
um allan líkamann.

Á leið þinni

Á leið þinni
mærtirðu manni
andlit hans er sprengt
í myndlausan massa
hann dregur á eftir sér þarmana

Hann talar –
honum kom þetta
alls ekkert við –

Afbrigði
er að þú mætir barni
sem hungurdauðinn
hefur þegar sett mark sitt á –

Þú munt sjá kjúkubarn
með svo stór augu
að þau sjá langt inn í himininn
– þá er það undir þér komið.

Við stóðum aðeins

Þarna stóðum við aðeins
án þess að gera
flugu mein –

Þá komu árásarmennirnir
í skjóli rökkursins
og afklæddu okkur

Við förum ekki fram á
að neinum sé refsað –
við viljum aðeins fá
grænu blöðin okkar
aftur.

Ad lifa svolítið

Hengdu mennirnir
báðu um að vera hengdir
aftur og aftur

Dauðir menn
vilja svo fúslega
lifa
svolítið meir.

Baskarnir

Þeir voru náðaðir
og dómnum breytt
í þrjátíu ára fangavist
hvað er það?

10.950 dagar
– að nóttum meðtöldum
262.800 stundir
eru þrjátíu ár

En enginn böðull mun heilsa –
það er svo.

Mynd 1972

Myndin
sýnir átta
hengda menn
og prestinn
sem
blessar þá alla

Handan við
eru höfuð
hoggin
af

Og
bakvið og
allt í kring
rísa
rúbínsettu krossarnir.

Fyrir þá ríku – af hinum ríku

Lagagreinarnar voru þurrar eins og
hrossatað
og þær fuðruðu upp
í rauðglóandi bálinu
þegar Réttlætisgyðjan
fleygði þeim á eldinn

Þetta er eins og að tína lýs
sagði gyðjan og gerði athugasemdir
við lögin um leið og hún
tíndi þau út
og lét þau detta í logana
þar sem þau sprungu
með viðbjóðslegum hljóðum

Lagasafnið varð sífellt þynnra
og Réttlætisgyðjan sífellt fölari –
allt þetta er aðeins sverð og skjöldur
hinna ríku, sagði hún
og reif út heila síðu
af kúgun

Þegar Réttlætisgyðjan stóð upp
var bakið beint –
af lagasafninu
voru aðeins blóðrauð kápuspjöldin
eftir.

Krypputrú

Ég er með kryppu
á bakinu

Augu mín
eru beint
upp af hvort öðru –

Þeir segja mig ljótan

Ég tek það ekki
nærri mér
því að það hef ég lesið
að ég sé skapaður
í hans mynd.

Líttu einnig til himinsins

Líttu einnig til himinsins
og sjáðu augu þín fljóta hægt burtu

Eins og tóm skurn
stendurðu eftir og starir
inn í koldimma nóttina –
því að þú ert ekki meir.

Dróun

Ég var kristinn á dögum Nerós
í Collosseum dó ég

Ég gat orðið frjáls
með því að segja ...

Ég var kristinn á dögum Nerós
og dó í Collosseum

Ég er heiðingi á dögum kristinnar
í klofnum atómum mun ég deyja

Ég hef engu við að bæta
því að enginn er frjáls

Ég er heiðingi á dögum kristinnar
og mun deyja í klofnum atómum.

Kirkjusaga

Kirkjuturninn stóð beint
upp í skýin
eins og stærðar
 augntönn
sem vaxið hefði
í tvö þúsund ár

Það var mjög til umræðu
að draga tönnina úr
því að rótin var svo illa farin
að líta mátti á hana
sem grautúldna.

Spil

Spilin eru stökkuð
dregið
gefið

Drottinn gaf –

Guð hjálpi okkur!

Himinninn

Það er til einskis
að laumast
inn í himininn –

Vegir og stræti
eru þar vel upplýst –

Í birtu sólarinnar
falla af þér
stórir skuggar –

Og í skini mánans
muntu líta út
eins og galdranorn
á leið til messu –

Viljirðu komast
að gullnu brautinni
skaltu ekki taka með þér
svo mikið –

Hugrekki og hreinskilni
eru alveg nóg.

Í garðinum

Í garðinum
verpa sálir fuglanna
eggjum hvern morgun

Eins og skínandi perlur
fullar af lífi
blika þau
í grænum hreiðrum sínum

Þegar þú ferð í garðinn
hafðu þá með þér
nokkur orð
til fuglanna

Ekki eitt þeirra
verður skilið eftir
í leirnum.

Ævintýri frá Kína

Kirsuberjatrén blómstra
yfir höfðum
litlu gulu
kvennanna og mannanna
sem flökta um
eins og fiðrildi
hljóðar sumarnætur

Hér eru hinir öldnu
heiðraðir og elskaðir
eins og óbætanlegir gimsteinar

Hér er annast um þá
af börnum þeirra
með slíkri alúð
að hinir öldnu
blómstra
í tímaglasi lífsins.

Ímyndaðu þér

Þú maður ímyndaðu þér
að þú sért þræddur upp á öngul
og þér sé kastað
út í hið ókunna
þar sem verur gráðugri
en hugsanir þínar skynja
glefsa eftir þér

Geturðu ímyndað þér þetta?

Risahöfudíð

Risahöfuðið
var gjörsamlega tómt

Alheimur
án lífs

Heimur
án stjarna og vetrarbrauta

Höfuð með tveimur augum
sem endurspegluðu
ókunn hafdjúp.

Eins og sítróna

Eins og sítróna
verður líkaminn kreistur

Geymdur eins og reyktur lax

Látinn þroskast
við heilsusamleg skilyrði

Með tíð og tíma
er framleiðslan tilbúin
nú er hægt að brjóta hana
og mylja
í kjötkvörn samfélagsins

Þú ert
með öðrum orðum
örlítið af kjötdeigi
sem enn er á lífi.

Á stóru myndinni

Þókan var þétt

Vindurinn bar með sér rykkornið

Þegar sólin kom upp
var allt
eins og áður

Aðeins lítil
rykögnin
var horfin.

Fingurnir

Strokleður
í hönd þinni
getur strokað mig í sundur

Strokað mig
inn í hið óþekkta óminni

Fingur þínir
með sorgarröndunum
eru eins og skapaðir
til að þurrka út.

Þefjarinn

Þefjarinn
má ekki þefja –

Hann á að vera
vökull og skýr –

Skilja
eitruð endalokin
sem fylla
jörð, himin og haf

Hann á ekiki
að deyfa sig burt

Flýja þá jörð
sem ákvarðandi stjórnvöld
gera rotnari
og rotnari
með hverju andartaki.

Við balalaikatónlist

Boris heyrði balalaikatónlist –
þeir eru að leika hana heima núna

Hugsanirnar flugu með skýjunum
sem sigldu eins og ævintýraskip
yfir frjóa akra
þar sem kornið blakti í vindinum
eins og stúlkur

Hann var kominn –
stórt landið
fyllti himininn
stórum skógum
þar sem fuglarnir báru hann
á vængjum þagnarinnar
yfir eilífan snjó tindanna
í nið balalaikatónlistarinnar.

Frostrósín

Frostrósín
sýndi ekki af sér ótta
þegar sólin
lyfti höfði sínu
 upp fyrir sjónhringinn
– ófreskja
reiðubúin til að
gera hana að engu

Köld og róleg
mætti hún
dauða sínum

Aðeins eitt tár
kom upp um
hljóðan sársauka
frostrósarinnar.

Dragsúgurinn

Dragsúgurinn dregur þig
niður í dimman gang
þar sem þú reynir að opna
dyr í leiðinni

Allt er lokað –
þú fálmar þig áfram
niður á við
með loftstraumnum

Svo lýkurðu upp síðustu gáttinni
og þú sérð stórt auga himinsins
stara niður á þig

Þá fyrst skilurðu
að botninum er náð.

Nú skaltu gráta

Nú skaltu gráta
flóði

sem þú aldrei
hefur ímyndað þér –

Uppbörnuð tárögöng þín
munu fyllast af litlum
gljáandi dropum
sem sigla
að þeim endalokum
sem augu þín sáu.

Læknirinn

Læknirinn segir:

– og hér
höfum við fullkominn örvita –
gáfnavísitalan er um það bil 5
sjúklingurinn er 17 ára
og fær daglega
rafmagnslost

Þrátt fyrir lága gáfnavísitölu
sjúklingsins
má greina auðsveipni hjá honum
gagnvart okkur
sem viljum honum vel.

Marsbúar

Marsbúarnir voru grænir –
það er rétt –
en að þeir hefðu
sogskálar
á höndum og fótum
er þvæla

Þetta er frjálst
og sjúklegt hugmyndaflug
órar taugasjúklinga
eða meira eða minna
geðveiks fólks
sem skilur ekki
að marsbúarnir
eru eins og við –
að þeir eru grænir
er aðeins af öfund –

Það er bara mannlegt.

Lítid bréf

Hér liggja Hans 4 ára
og Anna 7 ára –
mamma, pabbi, amma og ég
heimsækjum þau daglega

Mamma grætur alltaf
og segist ekki skilja

Þau voru að hoppa í París á gangstéttinni
þegar bíllinn ók þau niður

Hann sem ók
var fínn maður
hann sá eftir því og ætlar aldrei
að drekka undir stýri aftur

Læknirinn segir
að hann mundi ekki þola
það álag
sem fylgir afplánun

Ákærandi kveðst sammála
málið sé mjög sérstakt
hann fer fram á 30 daga varðhald –
skilorðsbundið

Nú verð ég að hætta
mamma og ég ætlum
út að kaupa blóm.

Ruslahaugurinn

Á dvalarheimilunum
hímir
gamla fólkið
í stólum
eins og pottablóm

Umhyggja samfélagsins
í stað þess
að vera úðað skordýraeitri.

Gömlu konurnar

Undir
háum trjánum
fara gamlar konur
safna sölnuðu laufi
í körfur
fléttaðar
af barnahöndum

Könglar, greinar
og laufblöð
sem sólin hefur sett lit sinn á
verpast
í körfunum
þegar fólkið sem tínir þau saman
fer heim
til að flétta kransa

Gamalt fólk
á svo marga vini –
í kirkjugarðinum.

Sigurinn er okkar

Brátt
höfum við sigrað

Skógur og lyng
hörfa undan

Fiskitegundir
eru lagðar að velli

Jafnvel himinninn
felur sig
að baki reykteppinu

Þetta gengur vel –
sigurinn er okkar

Vígvöllurinn fyrir ofan okkur

Gasgrímur
fyrir alla landsmenn

Hér er brátt
jafn hættulegt að draga andann
og á Vesturvígstöðvunum

Austurvígstöðvar
þar sem blýmassarnir
bora sig inn í
lungun

Gasgrímur
eða englavængi

Þriðji valkosturinn
– skynsemin –
er eitraður.

Valdhafarnir

Rauðar rósir sótthitans
hafa þeir ekki
hrifsað af okkur

Blómum dauðans
megum við halda.

Maðurinn

Maðurinn
er spendýr
af tegundinni *hómó sapiens*

Andstæðan er
nefdýrið
sem einnig er spendýr –
af
tegund skólpdýranna.

Teningurinn

Þegar
teningurinn
hringsnýst í loftinu
er
einnig hann
á ferðalagi
sem
aðeins svindlarinn
veit
hvar endar.

Opnar dyr

Þegar
þú hefur kynnst
mannfólkinu
ferðu
gjarnan fyrst
inn í húsið
sem hefur aðeins einar dyr –

Og
ef þú þaðan
 gegnum glugga
 glitrandi tára
sérð veginn sem þú lagðir að baki
þakkarðu
fyrir
að þessar dyr
stóðu þér þó opnar.

Hugsun þín

Þrjú höfuð fundust
í ruslakassanum

Lítil andlit
með stirðnað augnaráð

Hugsanir þínar
eru á villigötum –
þrjú síldarhöfuð.

Rándýrin

Inni í búrinu
vappar ljónið
úti standa hin rándýrin

Gul kattaraugu
leita að graslendinu
þau sjá ekkert
nema önnur rándýr.

Spurningin

Þeir hálshöggnu
eru auðvitað dauðir

Þeir hafa misst höfuðin

Spurningin er hinsvegar
hvað verður um þá
sem enn hafa höfuð?
hver hefur sagt –

Heldurðu ekki að blómið
standi skjálfandi
þegar það sér þig
koma með klippurnar –

Hver hefur sagt
að þú
sért ekki böðull?



FRÉTTIR ÚR FANGELSI

Fredrik Fasting Torgersen

Þessi bók hefur að geyma nokkurn fjölda þýddra ljóða eftir norska skáldið Fredrik Fasting Torgersen. Þau fjalla um hin ýmsu hugðarefni hans meðan hann sat innilokaður í fangelsi í 16 ár. Árið 1958 var hann ákærður fyrir morð árið áður á hinni 16 ára gömlu Rigmor Johnsen og dæmdur í ævilangt fangelsi og 10 ára einangrunarvist. Hann hefur alla tíð neitað sekt en afplánaði 16 ár af dómnum því að árið 1974 var hann látinn laus. Enn er deilt um sekt Fredriks í norskum fjölmiðlum og líta margir svo á að dómurinn yfir honum hafi verið réttarmorð.



Þýðandi ljóðanna er Guðmundur Kristinn Sæmundsson en hann hefur áður þýtt m.a. ljóð Leonards Cohen, Maós Tsetúngs, Hós Tsí Mính og fleiri. Guðmundur starfaði sem háskólakennari við Menntavísindasvið Háskóla Íslands frá árinu 2001 – 2016. Þá kenndi hann í allmörg ár við Framhaldsskólann í Skógum og Menntaskólann að Laugarvatni.

